

Hlutur ferðapjónustu í hagkerfinu í 2012 gildum í fyrra

Gera má ráð fyrir verulega auknum hlut í ár

- Hagstofa Íslands birti fyrir stuttu bráðabirgðatölur fyrir hlut ferðapjónustunnar í hagkerfinu í fyrra, í samanburði við fyrri ár. Eru þetta svokallaðir ferðapjónustureikningar (e. tourism satellite accounts), sem hagstofan hefur unnið á ársgrunni á síðustu árum og kalla má undirreikninga þjóðhagsreikninga fyrir þjóðarbúið í heild. Sjá má tilkynningu hagstofunnar um 2021 tölurnar [hér](#).
- Hlutur ferðapjónustunnar í vergri landsframleiðsu (VLF) hækkaði í 4,2% í fyrra, úr 3,6% 2020, sjá mynd 1. Enn er þó langur vegur í 2019 hlutdeild atvinnugreinarinnar, sem nam 8,1%. Var hlutur greinarinnar í efnahagslífi landsins í fyrra svipaður og árið 2012, við upphaf uppsveiflunnar miklu í henni. Hlutur greinarinnar í heildarvinnustundum er ávallt stærri en í VLF. Nam hann 6,5% í fyrra en var til samanburðar 10,5% árið 2019, sjá mynd 1.
- Bæði þessi lykilhlutföll horfa til umtalsverðrar hækkunar á þessu ári, 2022.


Innlendir ferðamenn eyddu mestu 2020 en það snérist aftur við í fyrra

- Á mynd 2 má sjá mat Hagstofu Íslands á neyslu innanlands sem orðið hefur til vegna ferðapjónustunnar árin 2009-2021, af bæði erlendum og innlendum ferðamönnum. Ánægjulegu tíðindin á myndinni eru þau að hún hækkaði úr 234 mö.kr. 2020 í 349 ma.kr. 2021 eða um 49%. Til samanburðar var metin innlend neysla í ferðapjónustu um 556 ma.kr. árið 2019 eða 59% hærri en í fyrra.
- Árið 2020 er eina árið í nútímasögu Íslendinga þar sem útgjöld innlendra ferðamanna voru hærri en erlendra, sjá mynd 3. Námu þau 120 mö.kr. en 98 mö.kr. hjá erlendum. Þetta snérist strax við aftur í fyrra þegar erlendir ferðamenn spanderuðu 189 mö.kr. á móti 149 mö. innlendra ferðalanga. Á óvart kemur að ferðaneysla Íslendinga innanlands lækkaði um 16% milli ára 2019-20 að mat hagstofunnar, úr 143 mö.kr. 2019. Munar þar líklega mestu um mikla lækkun verðs á ferðapjónustu árið 2020 þrátt fyrir mikil ferðalög landsmanna.


Mest umsetning í gistingu og verslun

- Sjá má á mynd 4 að innlend neysla í ferðapjónustu er mest í gistingu. Nam hún 84 mö.kr. í fyrra að mati hagstofunnar, 24% af neyslu í greininni. Næst stærst er verslun ýmiss konar með 63 ma.kr. veltu og 18% af heild.


Mynd 1 – Hlutur ferðapjónustu í VLF og heildarvinnustundum 2009-2021, %



Mynd 2 – Innlend neysla í ferðapjónustu, ma.kr. 2009-2021, innlendir og erlendir ferðamenn



Mynd 3 – Útgjöld erlendra ferðamanna og innlendra á Íslandi 2009-2021, ma.kr.



Mynd 4 – Neysla í ferðapjónustu innanlands 2021 eftir helstu atvinnugreinum, ma.kr.

